

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 11. maí 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/19944 með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu).

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að rýmkaðar verði heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum við markaðssetningu á vöru og þjónustu sem er íslensk að uppruna.

Samtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og telja að ákvæði þess geti auðveldað íslenskum fyrirtækjum markaðssetningu á sínum vörum. Samtökin telja þó að ákvæði 2 gr. frumvarpsins um að vara skuli hafa verið framleidd hér á landi í 30 ár undir sama vörumerki til að fá að nota þjóðfánann í vörumerki sé of stíft. Nær lagi sé að miða við 10-15 ár.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason